

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 22. desember 2025 í máli nr. 58/2025

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen prófessor.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 8. maí 2025 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að fella niður kröfu á hendur honum. Þá gerir sóknaraðili kröfu um að viðurkennt verði að hótun varnaraðila um að hafna frekari þjónustu við sóknaraðila sé andstæð góðum viðskiptaháttum. Sóknaraðili gerir jafnframt kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðila. Varnaraðili gerir aðallega kröfu um að kröfu sóknaraðila um niðurfellingu reiknings verði hafnað og viðurkenningarkröfu vísað frá. Til vara gerir varnaraðili kröfu um að niðurfellingarkröfu sóknaraðila verði vísað frá og viðurkenningarkröfu hafnað. Þá krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila um greiðslu málskotnaðar verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi, dags. 9. maí 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni þann 20. maí 2025. Athugasemdir sóknaraðila bárust 21. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, afrit af skriflegum samskiptum aðila, staðfesting á greiðslu kröfu, reikningur, dags. 18. mars 2025, skjáskot úr bílastæðakerfi og vottorð Samgöngustofu, dags. 13. maí 2025.

Með bréfi, dags. 22. desember 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum málsins er sóknaraðili skráður eigandi bifreiðar með skráningarnúmerið [...]. Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að honum hafi borist krafa í heimabanka vegna viðveru á bílastæði við [...] þann 14. mars 2025. Sóknaraðili leitaði skýringa hjá varnaraðila þar sem hann kveður sig ekki hafa verið á bifreiðinni umrætt sinn. Sóknaraðili bendir á að fleiri á heimili hans hafi aðgang að bifreiðinni. Í kvörtun vísar sóknaraðili til dómaframkvæmdar til stuðnings kröfu sinni og telur að af henni verði ráðið að eigandi ökutækis beri ekki ábyrgð á greiðslu kröfu sem umráðamaður ökutækisins hefur stofnað til nema fyrir liggja samþykki eigandans. Skráður eigandi bifreiðar beri því ekki ábyrgð á greiðslu gjalds vegna ökutækis nema heimild sé fyrir því í lögum. Sóknaraðili bendir á að það hvíli á varnaraðila að tryggja fullnægjandi upplýsingar um hver hafi verið umráðamaður bifreiðarinnar á hverjum tíma. Sóknaraðili hafi ekki verið á bifreiðinni umrætt sinn og sé því ekki ábyrgur fyrir

greiðslu umprættar kröfu. Af þeim sökum gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að fella niður kröfu á hendur honum.

Í kvörtun sinni vísar sóknaraðili jafnframt til þess að varnaraðili hafi hótað því að hætta viðskiptum við hann og beita viðurlögum ef krafan yrði ekki greidd. Sóknaraðili telur slíkar hótanir fela í sér viðskiptalega þvingun vegna ólögmætrar kröfu og brot gegn ákvæðum III. kafla laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 12. gr. laganna. Loks vísar sóknaraðili til þess að honum hafi verið nauðugur sá kostur að leita til kærunefndarinnar um úrlausn ágreiningsmálsins þar sem varnaraðili hafi ekki orðið við kröfum hans. Sóknaraðili krefst þess að honum verði úrskurðaður hæsti mögulegi málskostnaður vegna málsins.

Varnaraðili hefur vísað til þess að bifreið sóknaraðila hafi verið ekið inn og út af gjaldskyldu bílastæði við [...], svokallað „[...]“, og dvalið þar í 6 mínútur og 21 sekúndu. Samkvæmt birtri gjaldskrá sé kostnaður fyrir slíka notkun 500 krónur sem ökumanni bifreiðarinnar bar að greiða en gerði ekki. Um 48 klukkustundum síðar hafi skráðum eiganda ökutækisins verið sendur reikningur vegna ógreidds gjalds auk 1.490 króna þjónustugjalds sem er lagt á í samræmi við skilmála bílastæðapjónustunnar.

Aðallega krefst varnaraðili að niðurfellingarkröfu sóknaraðila verði hafnað og vísar til þess að þjónustusamningur hafi stofnast milli aðila um veitingu bílastæðapjónustu í samræmi við birta skilmála. Varnaraðili hafi þegar veitt umsamda þjónustu en sóknaraðili hafi ekki innt af hendi þá greiðslu sem honum bar að greiða. Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar nr. 7/2024 og bendir á að dómurinn hafi ekki þau áhrif að sóknaraðili geti firrt sig allri ábyrgð með því að kannast ekki við notkun á eigin ökutæki. Í dómi Hæstaréttar hafi verið fjallað um notkun bílaleigubíls á gjaldskyldu stæði en almennt megi gera ráð fyrir að eigandi bílaleigubíls fari ekki jafnframt með eiginleg umráð ökutækis þegar það er í útleigu. Í ofangreindu máli hafi verið óumdeilt að leigutaki hafði bílinn til umráða og skýrt af samningsskilmálum að hann bæri ábyrgð á greiðslu bílastæðagjalds. Atvik í dómnum séu því um margt ólík.

Varnaraðili vísar til þess að yfirgnæfandi líkur séu á að ökutækið hafi verið í umráðum sóknaraðila þegar þjónusta varnaraðila var veitt og vísar til skjals Samgöngustofu þar sem kemur fram að ökutækið hafi verið skráð í almennri notkun og að enginn umráðamaður hafi verið skráður á tímabilinu. Því liggja fyrir að sóknaraðili hafi haft umráð ökutækisins þegar því var ekið inn á gjaldskyld bílastæði varnaraðila nema hann sýni fram á annað. Telur varnaraðili að sóknaraðili verði að bera hallann af því að hafa ekki gert tilraun til að sýna fram á að ökutækið hafi ekki verið í hans umráðum þó það standi honum nær.

Til vara gerir varnaraðili kröfu um að kröfu sóknaraðila um niðurfellingu á greiðslukröfu verði vísað frá með vísan til þess að málatilbúnaður sóknaraðila byggji á því að hann sé ekki aðili að þjónustusamningi við varnaraðila. Verði fallist á málatilbúnað sóknaraðila uppfylli hann ekki skilyrði þess að teljast neytandi í skilningi laga nr. 81/2019 og á ágreiningurinn þá ekki undir kærunefndina. Að auki sé málið lítilvæglegt sökum lágrar fjárhæðar og því telji varnaraðili eðlilegt að kærunefndin vísi málinu frá með vísan til b. liðar 2. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019.

Auk framangreinds krefst varnaraðili þess að viðurkenningarkröfu sóknaraðila, um að meintar hótanir varnaraðila séu andstæðar góðum viðskiptaháttum, verði vísað frá. Krafan varði rétt sóknaraðila til að ganga til

samnings við varnaraðila en ekki ágreining sem varðar gerðan samning milli aðila. Til vara gerir varnaraðili kröfu um höfnun kröfunnar og vísar til þess að höfnun á frekari þjónustu við bifreið sóknaraðila hafi verið málefnaleg, lögmæt og í samræmi við góða viðskiptahætti, enda þurfi varnaraðili að takmarka tjón sitt af þjónustu við ökutæki sem enginn vill bera ábyrgð á svo það verði ekki notað til að komast hjá lögmætum kröfum um greiðslu bílastæðagjalda.

V

Niðurstaða

Samkvæmt gögnum málsins var bifreið í eigu sóknaraðila, með skráningarnúmerið [...] ekið inn á gjaldskylt bílastæði í eigu varnaraðila þann 14. mars 2025. Þann 18. mars 2025 sendi varnaraðili sóknaraðila kröfu í heimabanka að fjárhæð 1.990 krónur vegna viðveru bifreiðarinnar á stæðinu. Með tölvupósti sama dag gerði sóknaraðili athugasemd við kröfu varnaraðila. Samkvæmt framlögðum reikningi var gjald fyrir viðveru á bílastæði 500 krónur en þjónustugjald 1.490 krónur. Ágreiningur málsins lýtur að heimild varnaraðila til að krefja sóknaraðila um greiðslu umþrætts reiknings.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því að bifreið sóknaraðila hafi verið lagt á gjaldskylt bílastæði varnaraðila án þess að gjald væri greitt fyrir. Sóknaraðili kveðst ekki hafa verið á bifreiðinni umrætt sinn og telur sig því ekki bera ábyrgð á greiðslu kröfunnar. Hann hefur vísað til þess að skráður eigandi bifreiðar beri ekki ábyrgð á greiðslu stöðugjalds sem umráðamaður eða ökumaður hefur stofnað til nema fyrir liggi samþykki hans eða skýr lagaheimild.

Óumdeilt er að bifreið sóknaraðila var ekið inn á gjaldskylt bílastæði á vegum varnaraðila, svokallað [...] stæði, og var þar í 6 mínútur og 21 sekúndu. Ekki er heldur ágreiningur um gjaldtöku varnaraðila sem slíka eða fjárhæð gjaldsins. Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila og gildandi verðskrá fyrir bílastæðið eru fyrstu fimm mínúturnar fríar en fyrir hverja mínútu umfram þann tíma eru greiddar 500 krónur. Þá leggst á 1.490 króna þjónustugjald ef ekki er greitt innan 48 klukkustunda frá heimsókn. Með hliðsjón af framangreindu og fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að með því að leggja bifreið í bílastæði varnaraðila hafi ökumaður hennar gengist undir skilmála varnaraðila og þar með skuldbundið sig til greiðslu fyrir notkun stæðisins. Með þeirri háttsemi komst því á samningur um afnot bílastæðisins í umrætt sinn.

Kærunefndin bendir á að atvik þessa máls eru frábrugðin þeim sem lágu til grundvallar dómi Hæstaréttar í máli nr. 7/2024, þar sem óumdeilt var að eigandi bifreiðar hafði ekki umráð hennar og var því ekki notandi bílastæðisins. Í þessu máli heldur sóknaraðili, eigandi bifreiðarinnar sem sannarlega var lagt í gjaldskylt bílastæði varnaraðila, því fram að annar aðili hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn og tekið ákvörðun um að leggja henni. Eftir stendur því álitafnið um hver hafi ekið bifreið sóknaraðila umrætt sinn og eigi því með réttu að greiða fyrir afnot af bílastæðinu.

Við meðferð málsins óskaði kærunefndin tiltekinna upplýsinga frá aðilum málsins, sbr. 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Sóknaraðili var inntur eftir því hvort hann gæti upplýst um hver hefði notað bifreiðina umrætt sinn, en hann vísaði í fyrri svör sín til varnaraðila um það efni, sbr. það sem nánar verður rakið síðar. Þá upplýsti varnaraðili um að ekki væru teknar myndir af öikumönnum bifreiða á umræddu bílastæði þar sem það kynni að orka tvímælis út frá sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs og persónuvernd. Samkvæmt þessu hefur rannsókn málsins ekki leitt í ljós

með óyggjandi hætti hver var ökumaður bifreiðarinnar umrætt sinn. Í ljósi þessa, sem og að um einkaréttarlegan ágreining aðila er að ræða, telur nefndin að við mat á því hvort sóknaraðili hafi verið ökumaður umræddrar bifreiðar megi hafa hliðsjón af þeim reglum sem almennt eru taldar gilda um sönnun og sönnunarbyrði á sviði einkaréttar.

Almennt má ganga út frá því að yfirgnæfandi líkur séu á að eigandi bifreiðar sé sá sem aki henni hverju sinni. Óumdeilt er í þessu máli að sóknaraðili er eigandi umræddrar bifreiðar og er hún hvorki skráð í útleigu né með skráðan sérstakan umráðamann. Þá er það að jafnaði á vitorði eiganda bifreiðar hver hefur afnot hennar hverju sinni, eða í öllu falli hægðarleikur fyrir hann að afla sér þeirra upplýsinga. Í tölvupóstsamskiptum aðila málsins óskaði varnaraðili eftir því að sóknaraðili upplýsti um hver hefði verið með umráð bifreiðarinnar umrætt sinn svo hægt væri að senda reikning á réttan aðila. Í svari sínu sagðist sóknaraðili ekki muna það en að fjölskylda hans hefði almennt aðgang að bifreiðinni. Nefndi hann í því sambandi tvo nafngreinda heimilismenn en sagði einnig að það hefði getað verið „einhver á þeirra vegum.“ Við meðferð málsins óskaði kæruneftndin eftir því hvort það væri afstaða sóknaraðila að upplýsa ekki um hver hefði notað bifreiðina umrætt sinn og svaraði sóknaraðili með því að vísa í fyrrnefnd samskipti sín við varnaraðila. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að aðeins liðu nokkrir dagar frá því að bílnum var lagt í stæðið og þar til sóknaraðili gerði athugasemd við innheimtuna. Hefði því ekki átt að vera vandkvæðum bundið fyrir sóknaraðila að afla upplýsinga um hver hafði afnot bifreiðarinnar umrætt sinn, ef hann var óviss um það. Að mati kæruneftndarinnar verður að skýra þessi óafdráttarlausu og óljósu svör sóknaraðila á þann hátt sem er varnaraðila hagfelldast. Samkvæmt því, og í ljósi þess að almennt eru yfirgnæfandi líkur á því að eigandi bifreiðar sé sá sem aki henni hverju sinni, verður lagt til grundvallar að sóknaraðili hafi verið ökumaður bifreiðarinnar umrætt sinn.

Eins og atvikum þessa máls er háttað og með vísan til alls framangreinds telur kæruneftndin ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um niðurfellingu reiknings vegna viðveru á bílastæði.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um að taka til skoðunar hótanir varnaraðila um að hætta viðskiptum og beita refsingum gagnvart sóknaraðila skal tekið fram að hlutverk kæruneftndarinnar er að leysa úr einstökum ágreiningsmálum sem rísa af sölu- eða þjónustusamningi, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 81/2019. Í lögnum er ekki að finna ákvæði sem heimilar kæruneftndinni að taka slíka kröfu til umfjöllunar en bendir á að Neytendastofa hefur eftirlit með framfylgd laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar skal tekið fram að í lögum nr. 81/2019 er ekki að finna ákvæði sem heimilar kæruneftndinni að fallast á kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi varnaraðila en málsaðilar skulu bera eigin kostnað vegna mála fyrir nefndinni, sbr. 3. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 1177/2019, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 81/2019. Að því virtu er kröfu varnaraðila um greiðslu málskostnaðar hafnað.

VI
Úrskurðarorð

Kröfum sóknaraðila, X, er hafnað.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson